

Forsætisnefnd

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að fundir borgarstjórnar og borgarráðs færist kerfisbundið milli hverfa.

Á fundi forsætisnefndar þann 10. október sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að staðsetning fundar borgarráðs og borgarstjórnar færist kerfisbundið milli hverfa með reglulegum hætti. Sama gildir um aðra fundi ráða og nefnda borgarinnar, þeir ættu einnig að vera haldnir út í hverfum með reglulegu millibili, þ.e. „róterast“.

Tillögunni var frestað og vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram í 8. gr. að borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 14:00. Borgarstjóri eða borgarstjórn geta ákveðið annan fundarstað. Í samþykktinni er því gert ráð fyrir að borgarstjórn fundi í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur en á sama hátt gert ráð fyrir því að borgarstjóri eða borgarstjórn geti lagt til að fundir verði haldnir á öðrum stöðum.

Borgarstjórn hefur flutt fundarstað sinn í nokkrum tilvikum síðustu ár og fundað í skólum og þjónustumiðstöðvum þá aðallega í tengslum við íbúafundi borgarstjóra í hverfunum. Hið sama má segja um fundi borgarráðs. Forsætisnefnd getur samþykkt að gera ráð fyrir slíkum tilflutningi fram í tímann vegna fundi borgarstjórnar en það eru formenn borgarráðs og annarra nefnda sem taka ákvarðanir um fundarstaði ráðsfunda og tillagan er því ekki tæk til samþykktar nefndarinnar nema að því er varðar borgarstjórn. Ef forsætisnefnd hefur í hyggju að samþykkja reglulega tilfærslu á fundarstað borgarstjórnar er vakin athygli á því að það hefur í för með sér aukinn kostnað m.a. vegna afnota af fundarsölum úti í hverfunum. Það ber einnig að líta á það að fjölmargir starfsmenn vinna við fundi borgarstjórnar m.a. við útsendingu þeirra og því þyrfti að gera ráð fyrir góðum tíma til undirbúnings á slíkum tilfærslum.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar